

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 34/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2003 frá 5. desember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1801/2003 frá 14. október 2003 um að leyfa til bráðabirgða nýja notkun tiltekinna örvera í fóðri ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003 frá 20. október 2003 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis og um varanlegt leyfi fyrir aukefni sem er þegar leyft í fóðri ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB frá 31. október 2003 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/104/EB frá 12. nóvember 2003 um að leyfa ísóprópýlestra af hýdroxýluðu metíóníni ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2154/2003 frá 10. desember 2003 um að leyfa til bráðabirgða tilteknar örverur í fóðri (*Enterococcus faecium* og *Lactobacillus acidophilus*) ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):

„- **32003 L 0100**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB frá 31. október 2003 (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 33).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 877/2003):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 264, 15.10.2003, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 269, 21.10.2003, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 295, 13.11.2003, bls. 83.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 11.

- „1zh. **32003 R 1801**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1801/2003 frá 14. október 2003 um að leyfa til bráðabirgða nýja notkun tiltekinna örvera í fóðri (Stjtið. ESB L 264, 15.10.2003, bls. 16).
- 1zi. **32003 R 1847**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003 frá 20. október 2003 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis og um varanlegt leyfi fyrir aukefni sem er þegar leyft í fóðri (Stjtið. ESB L 269, 21.10.2003, bls. 3).
- 1zj. **32003 R 2154**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2154/2003 frá 10. desember 2003 um að leyfa til bráðabirgða tilteknar örverur í fóðri (*Enterococcus faecium* og *Lactobacillus acidophilus*) (Stjtið. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 11).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 85/382/EBE):
- „17a. **32003 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/104/EB frá 12. nóvember 2003 um að leyfa ísóprópýlestra af hýdroxýluðu metíóníni (Stjtið. ESB L 295, 13.11.2003, bls. 83).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1801/2003, 1847/2003 og 2154/2003 og tilskipana 2003/100/EB og 2003/104/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

